

STYRJALARLOKIN OG LOK STYRJALDA

Eftir

Dr. Helga Pjeturss

Vmsir virðast gera ráð fyrir að styrjöld þessari, himni mestu og viðtækustu sem háð hefir verið á þessari jörd, kunní að verða lokið á þessu nýbysjaða ári. En það þarf vissulega ekki neinn hernaðarfræðing til að sjá hversu býsna ólíklegt það er, að slíkar vonir geti annað en brugðist. Því hefir þrásfaldlega verið lýst yfir, að friður verði ekki saminn fyr en andstæðingarnir sjeu gjörsigaðir. En ennþá eru allir stríðsaðilar svo máttugir, að í ólíklegasta lagi virðist, að ekki þurfi styrjöldin að halda áfram enn ár eftir ár, aður en um úrslitasigur geti orðið að ræða. Ekki virðist geta komið til mála, að Bandaríkin verði svo magnþrota, að Japónum takist að setja þar lið á land og leggja þau undir sig. Ekki eru heldur nein líkindi til að innrás geti orðið gerð á Bretlandi, þar sem Þjóðverjar treystust ekki til þess, þegar þeir voru sem máttugastir og sigursælastir.

En eru þá nokkrar líkur til að Þjóðverjar gætu orðið gjörsigaðir á skömmum tíma, svo sem fyrir árslok 1943?

Pegar þess er gætt hversu Þjóðverjar eru miklu máttugri nú en 1918, og forustan öruggari, þá virðist óhætt að segja það fyrir, að þetta geti ekki orðið.

Þá eru Japanar, og virðast mjer horfurnar þar ískyggilegastar af öllu í ófriði þessum. Þeir segja sjálfir, að sigurför þeirra á einu lári eigi ekki sinn líka í veraldarsögunni, og að þeir hafi þegar, aður en árásin á Japan, er

eiginlega byrjuð, eyðilagt 2/5 af hinum stórkostlega Kyrrahafsflota Bandaríkjanna. Hinn mikli landfræðingur og vitringur, professor Macmillan Brown, sagði 1925, að skamt mundi til styrjaldar milli Japans og Bandaríkjanna. Taldi hann líklegast að Japanar mundu vinna á fyrst, en verða þó sigraðir að lokum, af því að þeir væru svo miklu fátækari en Bandaríkin. Hann gerði ekki ráð fyrir svo stórkostlegum ránsfeng Japana í fyrstu lotu, að fátækt þeirra væri þarmeð lokið.

II.

Jeg hefi vitanlega engin skilyrði til að vera dómbær um það, hvort fluglið Bandamanna geti orðið svo öflugt, að það ráði úrslitum, og Japanar neyðist til að biðja um frið. En það er annað sem jeg hefi dálitið vit á, hin jarðfræðilega og líffræðilega hlið málssins. Saga mannkynsins er tilraun til að komast á það stig menningar, að jörd vor geti orðið heimkynni fólkis sem lifir rjettu og farsælu lífi. Sú tilraun hefir altaf mistekist, og fyrst og fremst sakir þess, hve lítið fylgi hefir verið veitt þeirri viðleitni til vitkunar, sem þar er undirstöðuatriði. Þetta hefir verið að alástæðan til þess, að mannkynið hefir aldrei komið á sanna framfarabraut, aldrei neitt þjóðfjelag verið til, sem viðunandi væri. — Miklar og merkilegar framfarir hafa að vísu orðið, en þó leiða

hinum merku vísindamönum sem eru ritstjórar „Nature“, að jeg gæti sagt frá vísindalegri uppgötun, sem vel væri fallin til að vekja estirtekt, jafnvel þó að á ófríðartímum væri, og hauðst til að senda tímaritinu grein um þetta efni, ef þeir vildu. Jeg er nú eins og margir vita orðinn nokkuð roskinn, og hefi haft góðar ástæður til að láta eldast af mjer ýmsar tegundir af einfeldnislegri bjartsýni, sem aðskunni geta fylgt. Og þar sem jeg er dálitið kunnugur sögu vísindanna, og veit hvernig hinum stærstu og þýðingarmestu uppgötunum hefir vanalega verið tekið í fyrstu, þá gerði jeg helst ráð fyrir því, að brjefi mínu mundi ekki einu sinni verða svarað. En svo varð þó; ritstjórnarnir reyndust þau prúðmenni, að svara mjer vingjarnlega, og á þá leið, að jeg gæti reynt að senda þessa grein, sem jeg hafði sagt þeim að jeg mundi kalla: The Extension of Biology to the Stars (Um að færa líffræðina út til stjarnanna). Tóku ritstjórnarnir það fram, sem jeg vissi nú raunar vel áður, að tímaritið væri þó meir ætlað til að segja frá því sem ritað væri um náttúrufræði, en til að flytja sjálfstæðar ritgerðir.

Sendi jeg síðan greinina, og hafði jeg ekki sjeð mjer annað fært en að hafa hana nokkra lengri en til hafði verið tekið. Og kom mjer það ekki alveg á

óvart, að fá hana endursenda með kurteislegum ummælu þess efnis, að hún væri ekki vel fálin til birtingar í Nature. Jeg skrifði ritstjórunum aftur, batkaði vinsamleg ummæli minn garð, og sagði, að mikil munur væri á þeim og þýsk náttúrvísindaritstjóranum Poggendorff, sem fjekk til birtingar í tímariti sínu, eina af merkilegustu vísindaritgerðum 19. alda innar, en hafði ekki svo mikil við höfundinn að svara honum eða endursenda handritið.

Nú veit jeg vel, að þetta sem hjér er sagt, mun síst verða til að nuga mjer álit í augum þeirra sem ekki eru enn orðnir svo rosknir, að þeir hafi öðlast sumarlegundir visku, og læt jeg það þó ekki aftra mjer frá því að segja þessa ekki alls ófróðlegu sögi. En tíminn mun leiða í ljós að íppgötvanir þessar sem nokkuð segir af í hinni endursendu riterð, eru einmitt hið nauðsynleg upphaf til að koma mannyjini fullkomlega á vísinda-brutina. Og saga þessi sýnir, að viðeitnin til vitkunar á of erfit upþráttar ennþá. Mönnunum gengur illa að sjá og meta þekkingar ljó sem brugðid er upp á mjög ólilegum stað, og um efni, sem mig ólíklegt hefir þótt að ljó ferist yfir. En nokkur bótna má er þó það, að ágætur Breti her lesið það út úr sumum himm frægustu og merkilegustu spáumum, að stórbýðingarmik-

ið ljós á vegum mannkynsins mundi nú einmitt tendrað verða hjer úti á Íslandi.

5. jan. '43

Helgi Pjeturss.

VIÐBÓT.

Rjett er að laeta hjer nokkrum við, til þess að meini ámæli síður ritstjórum hins merka enska tímarits fyrir að hafna ritgerð minni um að fára líffræðina út til stjarnanna, eða dragi hins vegar síður af þessari neitun þeirra þá ályktun, að efni ritgerðarinnar hafi ekki verið eins þýðingarmikið og jeg hygg.

Jeg lauk núna um helgina við að lesa bók, þar sem getur um einkar fróðlegt dæmi þess, hversu erfitt hefir getað verið, jafnvel á Englandi, og á tímum sem ekki eru löngu liðnir, að koma á framfæri ritgerð sem hefir að flytja mjög stórkost-

legar vísindalegar nýungar. Bók þessi heitir: A Short History of Science (Saga vísindanna) og er eftir Ch. Singer, kunnan fræðimann í þeim efnunum. Gæti það verið gleðilegur vottur um vaxandi áhuga á sögu þekkingarinnar, að bók þessi sem kom út í júlí 1941, var endurþrentuð að eins hálfu ári síðar. Þar segir frá því (s. 324—5), hvernig J. P. Joule, einn af ágaetustu eðlisfræðingum sinnar „samtíðar, leitaði árangurslaust til margratímarita með grein, sem nú er talin ein af aðalvísindaritgerðum 19. aldarinnar. Loks tókst honum þó að fá greinina prentaða í einhyerju vikublaði í Manchester. Hefði ritstjóri þess blaðs sannarlega átt það skilið, að nafns hans væri getið í sögu vísindanna, þó að Singer gér það ekki í þessari bók sinni.

143. 26. jan.

H. P.

Lins

Mbl 26. febr. 1943.